

# Við sækjumst eftir áhrifum til að þjónusta Akurnesinga



# Heill og sæll ágæti Akurnesingur!

Við í Samfylkingunni á Akranesi bjóðum fram nýtt fólk og fólk með reynslu af bæjarmálum á Skaganum.

Við höfum metnað til að gera Samfylkinguna að sterkasta aflinu í bæjarstjórn Akraness til að vinna hugsjónum okkar um jöfnuð og samstöðu brautargengi.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar hafa reynsluna, kraftinn og viljann.

Við þurfum stuðning þinn í komandi kosningum til geta komið okkar góðu áformum í verk, því ...

- við munum ráða bæjarstjóra á faglegum forsendum,
- við munum leggja niður sérstakar álagsgreiðslur á gjald umfram 8 tíma vistun í leikskólum bæjarins,
- við munum lengja opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar að Jaðarsbökkum,
- við munum vinna að endurbótum á Dvalarheimilinu Höfða í samvinnu við ríkið,
- við munum halda íbúáþing haustið 2010 í tengslum við undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar.

**Vertu með 29. maí!**





**1. sæti**  
**SVEINN KRISTINSSON**

Sveinn Kristinsson er bæjarfulltrúi og situr í Framkvæmdaráði. Hann er kvæntur Borghildi Jósúadóttur kennara. Sveinn er formaður Svæðisráðs um málefni fatlaðra á Vesturlandi og formaður Akranesdeildar Rauða kross Íslands.

Ég hef alltaf verið baráttumaður félagslegra viðhorfa, jöfnudar, réttlætis og mannúðar í samfélaginu. Ég veit af reynslu að lífskjörum fólks er ójafnt skipt. Samfélagið verður að bregðast við því og tryggja öllum félagslegt jafnræði og öryggi. Í því vil ég taka þátt og leggja mig allan fram. Samfylkingin þarf að verða sterkasta aflið í bæjarstjórn Akraness til að vinna að þessum hugsjónum. Við frambjóðendur Samfylkingarinnar höfum reynsluna, kraftinn og viljann. Við þurfum því stuðning kjósenda í kosningunum til geta komið okkar góðu áformum í verk.



**2. sæti**  
**HRÖNN RÍKHARÐSDÓTTIR**

Hrönn Ríkharðsdóttir er bæjarfulltrúi síðan 2006 og situr nú í bæjarráði. Hún er varaformaður stjórnar SSV og formaður verkefnastjórnar Vaxtarsamnings Vesturlands. Hrönn er gift Þórði Elíassyni og eiga þau þrjú börn.

Brýnustu verkefni næstu bæjarstjórnar eru fjármál, þjónusta við bæjarbúa og stjórnslá. Skuldastaða bæjarsjóðs mun hafa áhrif til framtíðar og án aðgerða í fjármálum bæjarins verður ekkert gert á næsta kjörtímabili. Verja þarf þjónustu við bæjarbúa með öllum tiltækum ráðum. Niðurskurður í leik- og grunnskólum er kominn að sársaukamörkum og opnunartími ýmissa stofnana hefur verið skertur alltof mikið. Á næsta kjörtímabili er brýnt að ná til baka þeim niðurskurði sem orðinn er.

### 3. sæti

## Ingibjörg Valdimarsdóttir

Ingibjörg er 37 ára, gift 3ja barna móðir, borinn og barnfæddur Skagamaður. Maður hennar er Eggert Herbertsson.

Foreldrar mínir eru Valdimar Björgvinsson og Jóhanna Jónsdóttir. Ég kláraði viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997 og hef nú, samhliða vinnu, stundað meistaranám í alþjóðaviðskiptum og er langt komin með það nám.

#### Hvers vegna bæjarmálin?

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á bænum mínum og sá áhugi ásamt hvatningu víða hafði áhrif á að ég ákvað að bjóða mig fram í bæjarmálin. Það eru mörg sóknarfæri fyrir okkur Skagamenn og því finnst mér vænlegra að hver leggi sitt af mörkum í stað þess að tuda út í horni.

#### Hvað viltu gera fyrir bæinn okkar?

Ég vil líka sjá faglegri vinnubrögð í bæjarstjórn; of mikið virðist vera um skrýtin vinnubrögð á þeim vettvangi. Einnig þurfum við að auka lýðræðið og almenna þátttöku bæjarbúa í ákvarðanatöku. Það er grundvallaratriði að kjörnir fulltrúar bjóði sig fram til þjónustu við



bæjarbúa en ekki til að ná völdum. Það er mikilvægt að þeir nú sem ná kjöri í bæjarstjórn Akraness séu allir nýttir. Gamaldags minni/meirihluta stjórnsmál er varla það sem fólk vill.

#### Fagleg og gagnsæ vinnubrögð

Það þarf einnig að vinna öll mál með faglegum og gagnsæjum hætti. Við viljum opin og heiðarleg vinnubrögð, hætta öllum tilviljunarkenndum ákvörðunum og vinna að stefnumótun til framtíðar.

Hér á Akranesi eru fjölmörg tækifæri og við þurfum saman að nýta þau sem best til uppbyggingar á okkar góða samfélagi.

## 4. sæti

# Einar Benediktsson

Einar er 41 árs gamall verkamaður, fæddur og uppalinn á Akranesi. Hann er kvæntur fjögurra barna faðir, kona hans er Sigrún Jóhannesdóttir hjúkrunarfræðingur á geðsviði Landspítalans.

Ég flutti frá Skaganum 13 ára en kom heim aftur sumarið 2006 eftir að hafa verið búsettur m.a. í Vestmannaeyjum, Reykjavík og Danmörku.

### Hvers vegna bæjarpólitíkin?

Mín skoðun er að í bæjarstjórn eigi að sitja kraftmikill talsmaður verka-lýðsins, einstaklingur sem ber hag íbúanna fyrir brjósti fyrst og síðast; maður sem er tilbúinn til að þjóna bæjarbúum en ekki stjórnna þeim. Kjörnir fulltrúar eru, eða ættu að vera, þjónar þeirra sem þá kjósa en ekki stjórnendur.

### Hvað viltu gera fyrir bæinn okkar?

Ég tel mjög mikilvægt að samstarfi við íþróttahreyfinguna varðandi uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja bæjarins verði fundinn farvegur sem sátt er um.



Ég mun aldrei taka þátt í vinnubrögðum eins og þeim sem núverandi meirihluti stendur í varðandi hótélbyggingu á Gardavelli.

Þjónusta bæjarins á ALLTAF að laga sig að þörfum bæjarbúa, ekki öfugt. Þess vegna er nauðsynlegt að hlustað sé eftir því sem íbúarnir vilja, t.d. með þarfagreiningu á hinum ýmsu þjónustuliðum bæjarsins eins og strætó - bæði innanbæjar og utan.

## 5. sæti

# Gunnhildur Björnsdóttir

Gunnhildur er liðlega fertug, fædd í Keflavík en hefur búið á Akranesi óslitið síðan hún flutti hingað með fjölskyldu sinni fimm ára gömul. Hún er gift Pétri Sigurðssyni trésmið og saman eiga þau þrjú börn.

Foreldrar mínir eru Sjöfn Jónsdóttir og Björn Jónsson fyrrverandi sóknarprestur hér í bæ. Börnin mín heita Aron Ýmir, sem er nýorðinn tvítugur, Erla Karitas 18 ára og Birna Sjöfn 12 ára. Einnig tel ég mig eiga mikið í tveimur tengdabörnum mínum. Fjölskyldunni okkar tilheyir líka papillontíkin Hnáta, mikill vinur og gleðigjafi. Ég er grunnskólakennari að mennt, lauk því námi árið 1999 og hef síðan þá starfað við Grundaskóla. Nú er ég umsjónarkennari í 3. bekk og deildarstjóri yngsta stigs.

### Hversvegna bæjarpólitíkin?

Ég vil láta gott af mér leiða í sveitarfélaginu mínu og tel að kraftar mínir gætu nýst til góðra verka. Þetta er krefjandi og spennandi vettvangur sem ég hef mikla trú á að geti styrkt mig sem einstakling og veitt mér tækifæri til að hafa áhrif.



### Hvað vil ég gera fyrir bæinn okkar?

Ég vil leggja áherslu á að gera Akranes að fyrirmyndarsamfélagi þar sem stöðugleiki ríkir og velferð fjölskyldunnar er höfð að leiðarljósi. Á þeim erfiðu tímum sem við lifum nú er brýnt að sýna aðhald í fjármálum jafnframt því að standa vörð um þá grunnþjónustu sem opinberir aðilar veita. Ég tel mikilvægt að fagmennska, gagnsæi og traust séu þættir sem unnið sé út frá í allri ákvarðanatöku.

## 6. sæti

# Magnús Freyr Ólafsson

Magnús Freyr Ólafsson er 38 ára gamall Akurnesingur. Magnús á eina nýfermda dóttur og er í sambúð með Guðrúnu Öldu Elísdóttur sem á einn son. Magnús ólst upp á Akranesi, fluttist þaðan þegar hann hóf háskólanám en sneri aftur á æskulóðirnar fyrir fjórum árum.

### Menntun og starfsvettvangur

Ég er líffræðingur að mennt en lauk mastersprófi í fiskifræði við háskólann í Bergen og síðar MBA námi frá Háskóla Íslands. Í dag starfa ég sem öryggisstjóri hjá Elkem Ísland auk þess sem ég á og rek Farfuglaheimili Akraness.

### Umhverfið, skipulags- og atvinnumál

Ég er mikill náttúruunnandi og umhverfismál eru mér því sérstaklega hugfólgin. Ég mun stuðla að því að mótuð verði umhverfisstefna Akraneskaupstaðar sem unnið verður eftir og hefur stórt vægi í allri skipulagsvinnu til framtíðar.

Sem aðili að uppbyggingu fyrirtækja og atvinnulífs á Akranesi hef ég



orðið var við mikinn vanmátt og stefnuleysi bæjaryfirvalda í þeim efnun. Ég tel að við eigum vannýtt tækifæri á sviðum ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu, svo fátt eitt sé nefnt.

### Nálægðin við borgina tækifæri

Við Akurnesingar eigum að líta á nálægð okkar við höfuðborgarsvæðið sem tækifæri fremur en ógn. Við þurfum að spyrja okkur hvaða þjónustu og vörur við getum boðið stærsta markaðssvæði landsins.

# Á döfinni ...

## **21. maí**

KONUKVÖLD kl. 21 að Stillholti 16-18.

## **22. maí**

SÚPUFUNDUR um atvinnu-, markaðs- og skipulagsmál á Skrúðgarðinum milli kl. 12 og 15. Súpa í boði Samfylkingarinnar.

## **22. maí**

GRILLVEISLA hjá Snæfríði (UJ) kl. 20 á Skrúðgarðinum.

## **29. maí**

KOSNINGAR - kosningakaffi og kosningavaka, nánar auglýst síðar.

**Guttagleði** verður í vikunni fyrir kosningar, nánar auglýst síðar.

Kynntu þér stefnu okkar og frambjóðendur á

**xsakranes.is**

